



Byggingarfulltrúinn í Reykjavík, Hrístateigur 5, B/3810, varðandi endurbyggingu hússins

Bjarni Benediktsson – Byggingarfulltrúinn í Reykjavík, Hrístateigur 5, B/3810, varðandi endurbyggingu hússins

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-8, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



B/3810.

HRÍSATEIGUR 5.

6. mars 1942.

" Gunnar Þorsteinsson, Þorvaldssensstræti 6, sækir f.h. Sigmundar Guðnasonar um leyfi til að endurbyggja húsið, sem talið var nr. 4 við Reykjavíkurveg á lóðinni nr. 5 við Hrístateig. Stærð 56,94 ferm.. Synjað."

28. maí 1942.

" Gunnar Þorsteinsson, Víðimel 49, sækir f. h. Sigmundar Guðnasonar um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 5 við Hrístateig. Stærð 60,98 ferm.. Samþykkt. Gjald kr. 47,00."

4. sept. 1942.

" Sigmundur Guðnason, c/o Gunnar Þorsteinsson, Þorvaldssensstræti 6, sækir um leyfi til að endurbyggja húsið, sem var á lóðinni nr. 4 við Reykjavíkurveg, á lóðinni nr. 5 við Hrístateig, og setja kjallara undir það. Stærð 63,94 ferm.. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð, samþykktur á fundi nefndarinnar 28. maí 1942. Samþ. Gjald kr. 50,00 kr."

20. jan. 1943.

" Sigmundur Guðnason, Laugavegi 13, sækir um leyfi til að endurbyggja hús sitt, sem var nr. 4 við Reykjavíkurveg, á lóðinni nr. 5 við Hrístateig. Stærð 57,08 ferm.. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð, samþykktur á fundi nefndarinnar 27. ágúst 1942. Samþykkt. Gjald kr. 45,00!"

" Sami sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr hlöðnum steini á lóðinni nr. 5 við Hrístateig. Stærð 30,69 ferm.. Samþykkt. Gjald kr. 7,00."

8. okt. 1943.

" Sigmundur Guðnason, Laugavegi 13, sækir um leyfi til að byggja hús það, er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 5 við Hrístateig úr vikursteini í stað timburs, eins og áður var samþykkt. Jafnframt er óskað leyfis fyrir útlitsbreytingum og fyrirkomulagsbreytingum. Samþykkt. Gjald kr. 15,00."